

Við Þorfinnstjörn í fyrrakvöld



Um miðnættið í fyrradag var um 300 öndum og æðarfuglum sleppt á Þorfinnstjörnninni í Reykjavík. Dr. Finnur Guðmundsson stjórnaði verkinu. Barna fær önd frelsi úr hendi hans.

19 ísl. listamenn senda 78 verk á norræna myndlistarsýningu

Sýna málverk, höggmyndir, vefnað, mósaík og glergluggagerð

Þann 12. október n. k. verður opnuð norræn málverka-sýning í Gautaborg og stendur hún í rúman mánuð. Sýningar sem þessi eru haldnar annað hvert ár á víxl á Norðurlöndum, hér í Reykjavík var norræn sýning 1949 og í ráði er að næsta sýning verði hér einnig.

Íslendingar hafa tekið þátt í þessu sinni verður sú nýlunda sýningum þessum frá því 1946 í Ösló.

Að þessu sinni senda 19 íslenskir listamenn 78 verk á sýninguna og eru 7 málur þar á meðal. Þá eru 4 myndhöggvarar, 4 svartlistarmenn og loksins 4 listamenn sem leggja stund á aðrar greinar myndlistar, svo sem vefnað, mósaík, glergluggagerð og fleira.

Í hverju Norðurlandanna eru sýningarnefndir sem ráða vali verkanna, hér á landi er Þorvaldur Skúlason formaður nefndarinnar, en auk hans 3 listmálur og 3 myndhöggvarar. Það er Félag íslenskra myndlistarmanna, sem stendur fyrir aðild Íslands að þessum sýningum, en það félag er aðili að Nordiska Konstförbundet sem frá upphafi hefir skipulagt norrænar myndlistarsýningar.

Verkun raðað eftir stefnum, ekki þjóðerni.

Flestar þær myndir sem Íslendingar senda eru nýjar af nálinni, enda er það skilyrði til þess að verk sé tekið á sýninguna að það hafi ekki verið sýnt áður. Að

Danski íhaldsflokkurinn hlynntur stjórnarfrumvarpi um handritin —

hvort sem ríkisstjórnin hugsar sér að skila Íslendingum öllum handritunum eða hluta þeirra — Handritin ekki seld til Ameríku, segir Starcke

Kaupmannahöfn í gær. — Einkaskeyti til Tímans:

Kristeligt Dagblad skýrir svo frá í dag, að hvorki vinstri menn né íhaldsflokkurinn séu fylgjandi því, að sérstök dönsk-íslensk nefnd verði skipuð til að fjalla um handritamálið.

Þingflokkur íhaldsflokksins hélt fund í gærkvöldi, þar sem sú skoðun var almenn, að ekki væri útilokað, að hluta handritanna í Danmörku yrði skilað til Íslendinga, hinsvegar var sú skoðun ríkjandi, að það væri skylda stjórnarinnar að leggja fram frumvarp í þinginu um afhendingu handritanna, hvort sem stjórnin ætlaði sér að láta Íslendinga fá öll handritin eða hluta þeirra.

— Aðils. Berlingske Aftenavis birti 28. fyrra mánaðar viðtal við Viggo Starcke, ráðherra og leiðtoga Réttarsambandsins, í sambandi við fund utanríkisráðgjafarinnar danska þjóðþingsins um handritamálið.

Aldrei eign íslenskra ríkisins.

Í viðtalinu hefir blaðið m.a. eftirfarandi eftir Starcke: „Íslensku handritin hafa aldrei verið eign íslenskra ríkisins, heldur einstakra Íslendinga. Þar af leiðir, að Íslendingar eiga ekkert lögfræðilegt tilkall til handritanna. Sumir vilja draga í efa hinn siðferðislega rétt Dana yfir handritunum. Allir eiga þess kost að kaupa eða fá lánað, á bókasafni, það efni er handritin geyma, þar eru allir jafnir. Allir hafa jafnan rétt til hinnar andlegu hliðar...“


Í viðtalinu segir Starcke, að handritunum megi skipta í tvo hluta. Annar hluti þeirra sé geymdur í Kgl. Bibliotek, og sé eign danska ríkisins. Hinn hlutinn sé hið svo kallaða handritasafn Árna Magnússonar. Sá hluti væri ekki eign ríkisins, heldur undir umsjá og stjórn háskólans.

Ef menn ætli sér að gefa gjafir, sé nauðsynlegt að eiga þær sjálfur. Það sé ekki hægt að gefa það, sem menn eiga ekki.

Það gja tsésexii

Það yrði algjört einsdæmi, ef danska ríkið ætlaði að taka sér það bessaleyfi að gefa íslenska ríkinu handritasafn Árna Magnússonar, ekkert dæmi sé fyrir slíkri gjöf.

Að lokum taldi Starcke mjög vafasamt, að ríkið hefði umráðarétt yfir handritunum án þess að samþykki háskólans kæmi til. Háskólinn hefði ekki heldur ótvíráðan umráðarétt yfir þeim. Hann gæti t.d. ekki selt þau til Ameríku þó að hann hefði mikinn áhuga á því, en gæti hann þá frekar gefið þau?



Viggo Starcke, ráðherra

Skýr handa sykursýkisjúklingum

Það hefur nú komið í ljós við rannsóknir, að skýr eykur ekki sykurmagn í blóði sykursýkisjúklinga. Eins og kunnugt er, verða sykursýkisjúklingar að búa við einhæfan kost, þar sem fjölmargar algengar fæðuteg- (Framhald á 2. síðu).

Ágætur, en nokkuð misjafn síldarafl í gær

Síldin með feitasta móti og söltun hafin af fullum krafti í öllum verstöðvum

Síldveiði hjá Faxaflóabátum var ágæt í fyrrinótt, en nokkuð misjöfn. Aflahæstu bátarnir voru með nær því 200 tonn, en einstaka bátur fengu lítinn afla.

Í Keflavík lögðu 27 bátar upp afla í gær og voru þeir afla-


hæstu, sem hér segir: Reykjaröst 190 tonn, Heimir 160 tonn og Trausti 150 tonn. Nokkrir bátar voru með um og yfir 100 tonn, en einstaka bátur fékk lítillan afla, eða allt niður í 10–12 tonn.

Síldin var með allra feitasta móti og var mikið af aflanum saltað, en nokkuð fryst. Bátarnir, sem leggja upp afla í Keflavík, fjölga nú með degi hverjum og eru þangað komnir í verið bátar frá Ólafsvík, Patreksfirði og Vestmannaeyjum.

Ellefu Akranesbátar voru á sjó í gær, og komu þeir samtals með um 850 tonn. Aflahæsti báturinn var með 130 tonn, en annars var aflinn nokkuð misjafn. — Síldin var nær því öll söltuð.

Síldveiðar Faxaflóabátanna eru nú aðallega á Eldeyjardjúpi og telja sjómenn veiðihorfur allgóðar.

Sláttutætarinn í Eyjafirði



Í gær var sagt frá nýju sláttutæki, sem reynt var í Eyjafirði að tilhlutan Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Það er sláttutætarinn, sem slær, saxar og blæs heyinu á vagn, allt í senn. Myndin sýnir tækið og dráttarvél að Kaupangsbakka nú fyrir fáum dögum. Sláttutætarinn vakti mikla athygli og þótti líklegur til að gefast vel við votheysgerð. (Ljós.: E. D.).

Gengisfelling í Finnlandi

NTB — HELSINGFORS, 11. sept. — Kunnugir í Helsingfors segja, að nú muni verið að ganga frá seinustu atriðunum í sambandi við fyrirhugaða gengisfellingu finnska marksins. Hefir stjórnin og bankastjórn Finnlandsbanka settið á stöðugum ráðstefnum síðasta hálfan mánuðinn. Mun ákveðið, að af gengisfellingu verði, en hinsvegar ekki vitað hve mikil hún verður.

Fulltrúar Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna

12. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefst í New York 17. þ. m. Fulltrúar Íslands á þinginu hafa verið skipaðir Thor Thors, ambassadur, og Þórarinn Þórarinnsson, ritstjóri. Utanríkisráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson mun verða viðstaddur opnun þingsins og sækja fundi þess fyrst framan af. (Frá utanríkisráðuneytinu).